

REGLUR

um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2026.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2026 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning fyrir tekjuárið 2026.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu. Sláturkostnaður vegna búsafurða til heimanota heimilast ekki til frádráttar rekstrartekjum.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2026 er sem hér segir:

<i>Tegund</i>	<i>Krónur</i>	<i>Eining</i>
Mjólk	141	pr. lítra
Egg	719	pr. kg
Kartöflur	215	pr. kg
Rófur	210	pr. kg
Gulrætur	573	pr. kg
Lambakjöt	875	pr. kg
Kjöt af veturgömlu fé	268	pr. kg
Annað kjöt af sauðfé	186	pr. kg
Ungnautakjöt	885	pr. kg
Annað kjöt af nautgripum	522	pr. kg
Folaldakjöt	390	pr. kg
Annað kjöt af hrossum	169	pr. kg
Grísakjöt	632	pr. kg
Annað svínakjöt	324	pr. kg
Kjúklingar	572	pr. kg
Annað fuglakjöt	939	pr. kg
Lax og silungur	979	pr. kg
Annar fiskur	452	pr. kg

Reykjavík, 1. desember 2025.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.